

Nd.

## 481. Frumvarp til laga

[184. mál]

um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðorms, æxlaveiki í káljurtum og útrýmingu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Lög þessi taka til kartöfluhnúðorms (*Heterodera rostochiensis*) og æxlaveiki (*Plasmodiophora brassicae*) í káljurtum. Ef aðrir næmir sjúkdómar gera vart við sig í matjurtum, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að löggin taki einnig til þeirra, eftir því sem við á.

#### 2. gr.

Markmið þessara laga er að hindra útbreiðslu jurtasjúkdóma þeirra, er nefndir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

#### 4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna framkvæmdanefnd (jurtasjúkdómanefnd) til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Skulu nefndarmenn tilnefndir af eftirtöldum stofnunum: Einn frá Búnaðarfélagi Íslands, einn frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og einn frá Garðyrkjufélagi Íslands. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann og skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri nefndarinnar. Kostnað, er leiðir af störfum nefndarinnar, skal greiða úr ríkissjóði.

#### 5. gr.

Sérfræðingar Búnaðardeildar Atvinnuudeildar Háskólans skulu hafa á hendi rannsókn á útbreiðslu sjúkdóma þeirra, er hér um ræðir, og gefa jurtasjúkdómanefnd jafnóðum skýrslu þar að lútandi. Þeir skulu jafnframt vera ráðunautar nefndarinnar um framkvæmdir í þessum málum og hafa eftirlit með því, að fyrir-mælum hennar verði framfylgt. Komi í ljós, að slíkt hafi verið vanrækt, skulu sérfræðingarnir tilkynna formanni nefndarinnar það tafarlaust. Formönnum búnaðarféлага og ræktunarráðunautum er skylt að aðstoða sérfræðingana við eftirlitsstarfið.

### III. KAFLI

#### 6. gr.

Jurtasjúkdómanefnd skal árlega ákveða, hvaða landsvæði skulu talin sýkt eða grunuð um sýkingu af kartöfluhnúðormi eða æxlaveiki í kálplöntum, og gefa út tilkynningu um það.

#### 7. gr.

Bannað er að rækta kartöflur í garðlöndum, þar sem vart hefur orðið kartöfluhnúðorms. Skal slíkum garðlöndum lokað með því að breyta þeim í tún. Bannað er að nota kartöflur úr sýktum gördum til útsæðis.

#### 8. gr.

Bannað er að rækta eða ala upp káljurtir og aðrar jurtir af krossblómaætt í garðlöndum, þar sem æxlaveiki hefur orðið vart. Jafnframt er bannað að rækta þar aðrar jurtir til gróðursetningar eða útsæðis.